



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2013

Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 636. mál á 141. löggjafarþingi, frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning

Velferðarnefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 13. mars sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er stefnt að endurskoðun á almennatryggingakerfinu og m.a. að einfalda kerfið en ljóst er að núverandi kerfi er afar flókið og ill skiljanlegt almenningi. Að mati LL er mjög mikilvægt að kerfið verði einfaldað og ekki er annað að sjá en að frumvarpið, verði það að lögum, nái því markmiði.


Í núverandi almennatryggingakerfi eru afar miklar tekjutengingar sem eru að mati LL óásættanlegar gagnvart lífeyrissjóðunum og almennum sparnaði einstaklinga. Aðilar sjá lítinn og oft á tíðum engan ávinning af því að hafa lagt fyrir og greitt í lífeyrissjóð en slíkt fyrirkomulag vegur óhjákvæmilega að stoðum lífeyrissjóðakerfisins. Við slíkt kerfi verður vart búið og því er jákvætt að með frumvarpinu er stefnt að minni tekjutengingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að allar tegundir tekna hafi sömu áhrif á útreikning ellilífeyris almennatrygginga. Slíkt hlýtur almennt að teljast eðlilegt og sanngjarnt en þegar kemur að frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði verður að ætla að aðrar reglur þurfi að gilda. Viðbótarlífeyrissparnaður er laus til útborgunar við 60 ára aldur sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Verði litið til útgreiðslu á frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði með sama hætti og aðrar tekjur til skerðingar á útgreiðslum almennatrygginga er ljóst að með því verður innbyggður hvati til að haga útgreiðslum þannig að ekki komi til skerðingar á greiðslum almennatrygginga. Sú hugmynd að líta aðeins til vaxtatekna af séreignarsparnaði er að mati LL óframkvæmanleg þar sem eignirnar eru ekki sundurgreindar eftir innborgunum og ávöxtun. Í þessu sambandi ber jafnframt að líta til þess að flutningur á milli ávöxtunarleiða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar hefur verið framkvæmdur og engar skiptingar milli iðgjalda og ávöxtunar í þeim efnun. LL telja því mikilvægt að frjáls viðbótarlífeyrissparnaður verði meðhöndlaður með öðrum hætti og hafi ekki áhrif á greiðslur almennatrygginga. Aðrar reglur munu óhjákvæmilega leiða til þess að draga mun úr frjálsum sparnaði og þess að aðilar hagi útborgunum til samræmis við reglur almennatrygginga hverju sinni.

Fyrir liggur að frumvarpið tekur aðeins til ellilífeyris en LL telur mikilvægt að aðrir bótaflokkar verði jafnframt endurskoðaðir og einfaldaðir, s.s. örorkulífeyrir en þar er kerfið afar flókið og ógagnsætt með víxlverkunum.

LL styðja frumvarpið í meginráttum en telja þó mikilvægt að endanleg yfirferð frumvarpsins verði unnin í nánu samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið þar sem undir það ráðuneyti heyrir skyldutryggingakerfi lífeyrisréttinda auk þess sem hætt er við því að hröð og aukin kostnaðarhlutdeild af hálfu ríkissins komi til með að leiða af sér síðari breytingar á lögunum sem verði til þess að „flækja“ kerfið að nýju sem stríðir gegn tilgangi fyrirbyggjandi frumvarps.

Virðingarfyllst
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri